



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

15.11. 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993, með síðari breytingum, þingmál 11.

Frumvarp þetta var einnig flutt á síðasta þingi og ítreka Samtök atvinnulífsins umsögn sína frá þeim tíma, en hún var svohljóðandi:

„Í frumvarpinu er lagt til að felld verði niður lagaskyldu iðnfyrirtækja til þess að greiða iðnaðarmálagjald til Samtaka iðnaðarins.

Á vegum forsætisráðuneytisins starfar hópur sem hefur það verkefni að endurskoða gjaldtöku í þágu hagsmunasamtaka í atvinnulífinu. Samtök atvinnulífsins telja rétt að bíða niðurstöðu þessa starfshóps og umfjöllun um hugsanlegar breytingar fari fram á grundvelli hennar. Málið er margþætt og varðar fjölmörg samtök atvinnuvega og launþega. Ef vilji er til þess að gera breytingar á núverandi fyrirkomulagi verður málgunin að vera heildstæð, til þess að forðast mismunun, og því ekki eðlilegt að taka fyrir einn afmarkaðan þátt þessa máls.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því að umrætt frumvarp verði að lögum.“

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri